



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Ungbarnaleikskólinn Krílasel***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2018 var Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 7. desember 2018, varðandi stofnun ungbarnaleikskólans Krílasels og rekstrarleyfi fyrir leikskólann Krílasel.

Rekstrarleyfið var samþykkt.  
Hér með sent borgarráði til afgreiðslu.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:  
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 7. desember 2018  
Rekstrarleyfi



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 7. desember 2018  
SFS2018110108  
150. fundur  
HG/img

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Umsókn um stofnun ungbarnaleikskóla*

Umsókn barst skóla- og frístundasviði frá Krílaseli ehf. um stofnun ungbarnaleikskóla við Rangársel 8, í Seljahverfi. Sótt er um að hafa að hámarki 20 börn á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða í leikskólanum.

Öll tilskilin gögn hafa borist skóla- og frístundasviði og eru þau metin fullnægjandi. Áætlaður fjöldi barna í leikskólanum er undir þeim viðmiðum sem skóla- og frístundasvið hefur sett varðandi rekstur ungbarnaleikskóla.

Það er mat sviðsstjóra að ekkert sé því til fyrirstöðu að opna ungbarnaleikskóla í Seljahverfi, enda vöntun á leikskólaplássum viðvarandi í því hverfi.

## **Rekstrarleyfi fyrir leikskólann Krílasel**

Með vísun til 25. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglur Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla veitir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar hér með Krílasel ehf kt. 700818-0390 leyfi til reka ungbarnaleikskólann Krílasel, í húsnæði að Rangárseli 8, 109 Reykjavík.

Fyrir liggja teikningar af húsnæðinu að Rangárseli 8. Veitt er heimild til að reka leikskóla í húsnæðinu fyrir allt að 20 börnum á aldrinum 6 mánaða til 36 mánaða.

Vottorð liggur fyrir frá Vinnueftirliti ríkisins og heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um að húsnæðið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar.

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri, sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Þjónustumiðstöð Breiðholts veitir leikskólanum sérfræðiþjónustu, sbr. reglugerð nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla.

Leikskólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrá reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Skólanámskrá leikskólans er yfirfarin og samþykkt.

Starfsáætlun ber að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun skóla- og frístundaráðs.

Leikskólanum er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins á grundvelli 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og reglugerð nr. 893/2009 um mat og eftirlit í leikskólum og eftirlitsskyldur sveitarstjórna um skólahald. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með leikskólanum. Ber leikskólanum að láta skóla- og frístundasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Uppfylli leikskólinn ekki ofangreind skilyrði getur skóla- og frístundaráð afturkallað rekstrarleyfið, ef rekstraraðili bregst ekki við athugasemdum innan tilskilins frests.

Reykjavík, xx. desember 2018

---

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.